

Anton Kári halldórsson,
Skipulags- og byggingarfulltrúi
Ormsvelli 1
860 Hvolsvöllur



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 8. ágúst 2013
Tilvísun: UST20130600028/ksj

Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2003 - 2015 í landi Ystabælistorfu.

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings eystra er barst 5. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breyttu aðalskipulagi Rangárþings eystra 2003 - 2015, í landi Ystabælistorfu 1, 2, 3, 4, og 5.


Tillaga að aðalskipulagsbreytingu í landi Ystabælistorfu felst í því að 27 ha sem eru skilgreindir sem landbúnaðarsvæði verði svæði fyrir frístundabyggð (F31). Um er að ræða fimm frístundalóðir hver um sig 5,4 ha að stærð.


Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að framkvæmdir á ofangreindum frístundalóðum falli vel að umhverfi sínu. Einnig bendir stofnunin á mikilvægi þess að vel sé staðið að frárennsli frá frístundahúsunum og að skilmálar um það komi fram í deiliskipulagi.

Á ofangreindum svæðum eru ekki svæði á náttúruminjaskrá eða svæði er njóta sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga um náttúruvernd.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við ofangreindar tillögu að breytingu á aðalskipulagi Rangárþings eystra 2003 - 2015.

Virðingarfyllt


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Björn Stefánsson
Sérfræðingur